

# FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
v/ Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Alþingi  
Erindi nr. P 133/356  
komudagur 28. 11. 2006

27. nóvember 2006  
Tilvísun: 2006110035

## Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum um lífeyrissjóði, 233. mál.

Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs, dags. 9. nóvember sl., þar sem Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis óskaði eftir umsögn Fjármálaeftirlitsins um frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum um lífeyrissjóði, 233. mál. Fjármálaeftirlitið vill koma neðangreindum sjónarmiðum á framfæri við nefndina.

Samkvæmt athugasemdum við 2. og 3. gr. frumvarpsins eru rökin fyrir tillögunum að lagfæra ákvæðna þversögn í lögum nr. 129/1997. Hún felst í því að lífeyrissjóðum með starfsleyfi á grundvelli 54. gr. laganna sem ekki njóta ábyrgðar á skuldbindingum er skylt að halda sig innan marka 1. og 2. mgr. 39. gr., sbr. 51. gr., en er þó ekki heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum í samræmi við ákvæði 2. mgr. 39. gr., sbr. 1. mgr. 54. gr. Fjármálaeftirlitið bendir á að þær breytingar sem lagðar eru til í 2. og 3. gr. frumvarpsins ná hins vegar ekki einvörðungu til þessara sjóða heldur jafnframt til þeirra sjóða sem njóta ábyrgðar á skuldbindingum og sú þversögn sem leitast er við að lagfæra á því vart við um. Fjármálaeftirlitið bendir á að aðeins 2 sjóðir af samtals 13 sjóðum með starfsleyfi skv. 54. gr. laganna njóta ekki lengur bakábyrgðar á skuldbindingum, þ.e. Lífeyrissjóður bankamanna og Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf.

Í 1. mgr. 54. gr. laga nr. 129/1997 er kveðið á um að lífeyrissjóði sem starfar í samræmi við staðfesta reglugerð samkvæmt lögum nr. 55/1980 og nýtur bakábyrgðar ríkis, sveitarfélags eða banka eða naut slíkrar ábyrgðar 31. desember 1997 sé heimilt að starfa áfram á *óbreyttum iðgjalda- og réttindagrundvelli* fyrir þá sem eiga aðild að sjóðnum við gildistöku laganna. Með lögum nr. 148/1998 um breytingu á lögum nr. 129/1997 var ákvæðinu breytt á þann veg að orðinu *iðgjalda-* var bætt framan við *réttindagrundvöll*. Með lögunum var því hnykkt á þeim skilningi löggjafans að ekki megi hreyfa við réttindum og réttindaöflun sjóðfélaga þessara sjóða. Með lögum nr. 141/2002 um breytingu á lögum nr. 129/1997 var sett inn í 2. mgr. 54. gr. undanþága frá meginreglu 1. mgr. 54. gr. og sjóðunum heimilað að breyta viðmiðum vegna tóku á lífeyri. Við þetta má bæta að lífeyrissjóðir með starfsleyfi skv. 54. gr. laganna hafa annað réttindakerfi en almennir lífeyrissjóðir og geta réttindi í þessum sjóðum verið lakari eða betri en þau réttindi sem kveðið er á um í III. kafla laganna og gildir um réttindakerfi almennra lífeyrissjóða eins og fram kemur frumvarpi með lögunum. Ákvæði III. kafla laganna þar sem kveðið er á um þá lágmarkstryggingavernd sem lífeyrissjóðir skulu uppfylla eiga því ekki við um þessa sjóði. Var sjóðunum gert að stofna nýjar deildir sem uppfylla skyldu öll skilyrði laga nr. 129/1997 hyggðust þeir taka við iðgjöldum frá nýjum sjóðfélögum.

Framangreint undirstrikar að mati Fjármálaeftirlitsins mikilvægi þess að ákvæðum er lúta að réttindum og réttindaöflun sjóðfélaga í lífeyrissjóðum með starfsleyfi skv. 54. gr. laganna sé haldið óbreyttum. Hyggist löggjafinn hins vegar heimila tilteknum sjóðum að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum í samræmi við 2. mgr. 39. gr. skuli það gert með skýrt afmarkaðri undanþágu frá framangreindri meginreglu 1. mgr. 54. gr. fyrir þessa tilteknu sjóði einvörðungu.

Fjármálaeftirlitið áréttar að lífeyrissjóðir með starfsleyfi skv. 54. gr. sem njóta ábyrgðar á skuldbindingum eru undanþegnir þeim takmörkunum sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 39. gr. laga nr. 129/1997 skv. 51. gr. laganna. Þessum sjóðum ber því ekki skylda til að halda sig innan marka 39. gr. og eru langflestir reknir með halla á bilinu 50%-90%. Því vakna upp spurningar varðandi umfang þess að heimila þessum sjóðum að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum í samræmi við ákvæði 2. mgr. 39. gr.

Vegna umræddra breytinga bendir Fjármálaeftirlitið á að í 4. gr. laga nr. 129/1997 er kveðið á um þá lágmarkstryggingavernd sem lífeyrissjóðir skulu veita og vísað til frekari ákvæða III. kafla laganna í því samhengi. Eins og fram kemur hér að ofan eiga ákvæði III. kafla laganna ekki við um lífeyrissjóði með starfsleyfi skv. 54. gr. Með hliðsjón af þessu leikur vafi á því hver lágmarkstryggingavernd sjóðanna skuli vera ef til skerðingar á réttindum ætti að koma. Hér er um að ræða mikilvægt hagsmunamál fyrir sjóðfélaga þessara sjóða og því nauðsynlegt að vísa til 4. gr. laganna samhliða því að heimila tilteknum sjóðum með starfsleyfi skv. 54. gr. að gera breytingar á samþykktum.


Með hliðsjón af framansögðu sér Fjármálaeftirlitið ekki sérstaka ástæðu til breytinga á 51. gr. laga nr. 129/1997, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Fjármálaeftirlitið leggur hins vegar til að breyting á 54. gr. laganna, sbr. 3. gr. frumvarpsins, komi á eftir 2. ml. 1. mgr. 54. gr. og verði svohljóðandi:


*"Þá er lífeyrissjóði skv. 1. máls. sem nýtur ekki lengur bakábyrgðar skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins í samræmi við ákvæði 2. mgr. 39. gr. Skulu slíkar breytingar taka mið af ákvæðum 4. gr. um lágmarkstryggingavernd."*

Að lokum bendir Fjármálaeftirlitið á að í 13. og 14. gr. frumvarpsins hefur verið stuðst við lög nr. 12/1999 um lífeyrissjóð bænda eins og þau voru áður en þeim var breytt með lögum nr. 78/2006 í júní sl. Af því leiðir að orðalag 13. og 14. gr. frumvarpsins er ekki í samræmi við löggin eins og þau er nú. Fjármálaeftirlitið vekur athygli Efnahags- og viðskiptanefndar á þessu.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

  
Jónas Fr. Jónsson

  
Kristín A. Birgisdóttir